

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 14. júlí 2020

Mál nr. S-1901/2019:

**Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**  
(Vilhjálmur Reyr Þórhallsson aðstoðarsaksóknari)

**gegn**

**X**

(Kristján Stefánsson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 16. júní síðastliðinn, er höfðað með ákæru lögrelustjórans á höfuðborgarsvæðinu útgefinni 29. október 2019, á hendur ákærða, X, kt. 000000-0000, [...], „fyrir stórfelld brot í nánu sambandi með því að hafa á árunum 2002 til 2017 endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð fyrrverandi eiginkonu sinnar B, kt. 000000-0000, með ofbeldi, hótunum, nauðung og á annan hátt, meðal annars sem hér greinir:

- Með því að hafa í eitt skipti á tímabilinu mars til apríl á árinu 2002 í svefnherbergi á heimili þeirra að [...], veist með ofbeldi að B og meðal annars vafið bol um háls hennar og hert að þannig að B óttaðist um líf sitt.
- Með því hafa í eitt skipti á árunum 2005 til 2007 á heimili þeirra að [...], veist með ofbeldi að B og meðal annars troðið sokk í munn hennar.
- Með því að hafa í september 2008 á heimili þeirra í [...], veist með ofbeldi að B og slegið hana ítrekað í andlit og búk með þeim afleiðingum að B hlaut mar og bólgur í andliti og víðsvegar um líkamann.
- Með því að hafa aðfaranótt 14. mars 2010 í kjölfar rifrildis milli ákærða og B á hótél [ ... ], ýtt við henni með þeim afleiðingum að hún féll við og skall höfuð hennar við það í gólfið og hún missti meðvitund. Voru afleiðingarnar af háttsemi ákærða þær að B hlaut heilahristing, brot á höfuðkúpu framan til vinstra megin frá enni aftur í hnakka og mar beggja vegna á framheila einkum neðri í hluta framheilalappanna og einnig á gagnaugasvæði heilans.
- Með því að hafa 3. júní 2017 á heimili þeirra að [...], sýnt af sér ógnandi hegðun í garð B, móðgað hana og smánað með því að hreyta í hana fúkyrðum sem leiddi til þess að B læsti sig inni á baðherbergi af ótta við ákærða.“

Í ákæru eru brotin talin varða við 218. gr. b í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í þinghöldum í málinu 9. janúar og 19. febrúar 2020 var bókað að ákærði teldi slíka annmarka vera á ákærunni að það ætti að leiða til frávísunar málsins. Fulltrúi ákæruvaldsins hafnaði þeim sjónarmiðum. Munnlegur málflutningur vegna þessa ágreinings fór fram 5. mars 2020 og var frávísunarkröfu ákærða hafnað með úrskurði dómsins 1. apríl 2020.

Kröfur ákærða:

Ákærði krefst þess, sæti málið ekki frávísun, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð.

I

A

Upphaf málsins er að rekja til þess að klukkan 14:10, laugardaginn 3. júní 2017, barst tilkynning til lögreglu um hugsanlegt heimilisofbeldi að [...]. Fóru lögreglumenn númer D og J á vettvang og hittu brotaþola, B, sem opnaði fyrir þeim. Var hún í miklu uppnámi og brast í grát. Hún sagði að ákærði hefði farið af vettvangi skömmu áður. Eftir að hafa boðið lögreglumönnum inn lýsti brotaþoli því að hún hefði fyrr um daginn orðið mjög hrædd við ákærða þar sem hann hefði orðið mjög reiður og æstur og óttaðist hún að hann myndi leggja á hana hendur. Hann hefði stanslaust hreytt í hana fúkyrðum og því hafi hún ákveðið að læsa að sér inni í svefnherbergi. Hefði ákærði þá barið fast á hurðina og sagt henni að hypja sig út úr húsinu. Hún hefði neitað því og þá hefði ákærði sagst ætla að ná í áhald til að brjóta upp hurðina. Hefði ákærði farið út úr húsinu í smátíma þar til hann yfirgaf húsið og fór burt á bifreið sinni. Áður hafði brotaþoli komið skilaboðum til dóttur sinnar um að eitthvað mikið gengi á á heimilinu.

Í skýrslu lögreglu vegna málsins kemur fram að brotaþoli hefði ekki verið með sjáanlega áverka og hefði ekki haldið því fram að ákærði hefði hótad henni þennan dag, en samt sem áður sýnt af sér ógnandi hegðum. Þá viðurkenndi hún að í huga hennar hefði komið að taka sitt eigið líf fremur en að fara fram til ákærða. Þá segir að ákærði hafi verið allsgáður þennan dag, en hann væri mjög skapstór og hefði beitt hana andlegu og líkamlegu ofbeldi í mörg ár. Í því sambandi rifjaði brotaþoli upp nokkur atvik, það elsta

frá árinu 1981, þegar hún hefði verið ólétt af elsta barni þeirra, þegar móðir ákærða hefði skipað henni að láta eyða fósturinu. Hún hafi ekki orðið við því. Á árinu 1986 hefðu hún og ákærði ákveðið að trúlofast og hefði ofbeldið staðið síðan þá. Hefði ákærði oft lagt á hana hendur og til dæmis kýlt hana í andlitið. Þá úthúði hann henni í tíma og ótíma og kenni henni um allt sem illa fari. Það atvik sem hún hafi hvað oftast rifjað upp sé frá árinu 2010 þegar brotþoli og ákærði voru á árshátíð [ ... ]. Hefði ákærði þá hrint brotþola svo að hún hefði fallið í gólfið og skolið með höfuðið í gólfið. Hefði atvikið átt sér stað á laugardegi og kvaðst brotþoli hafa rankað við sér á sjúkrahúsi á miðvikudegi. Ákærði hefði sagt henni að hún hefði runnið til í bleytu.

Loks segir í skýrslu lögreglu vegna málsins að brotþoli hafi greinilega verið niðurbrotin og átt erfitt með að ræða þessi atvik við lögregluna. Hún kvaðst hafa reynt að fegra ímynd ákærða öll þessi ár og aldrei sagt frá ofbeldinu. Þá segir að skap ákærða hefði ekki eingöngu beinst að henni, hann hefði slegið syni þeirra þegar þeir bjuggu á heimilinu. Hefði brotþola verið boðinn réttargæslumaður og kynnt að rannsóknar-lögreglumaður myndi ræða við hana. Var farið með brotþola á lögreglustöðina í Hafnarfirði.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu vegna málsins 4. júlí 2017. Brotþoli gaf skýrslu hjá lögreglu 3. og 29. júní 2017. Einnig gáfu skýrslu við rannsókn málsins vitnin G 4. júní 2017, K 24. júní 2017 og R 28. júní 2017.

Þann 20. júní 2017 mætti brotþoli að eigin frumkvæði á lögreglustöð og óskaði eftir að samþykkt yrði nálgunarbann og að ákærða yrði vísað brott af sameiginlegu heimili þeirra beggja. Í skýrslu lögreglu vegna málsins segir brotþoli að ákærði hafi þjófkennt hana og sakað um eignaspjöll. Hún kvaðst óttast um öryggi sitt bæði þegar hún væri á heimilinu og í sumarbústað þeirra þar sem ákærði hefði óhindraðan aðgang að báðum stöðum og trúi hún honum til alls. Hún óttist að ákærði beiti hana ofbeldi ef hann komi að henni á öðrum hvorum staðnum. Ákærði hefði ekki sent henni nein skilaboð sem snúi að hótunum, en vegna fyrri reynslu þá óttist hún að hann valdi henni líkamsmeiðingum. Þess vegna færi hún fram á nálgunarbann. Beiðni brotþola um að ákærði sætti nálgunarbanni var hafnað með bréfi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 21. júní 2017 á þeim grundvelli að fyrirbyggjandi sönnunargögn nægðu ekki til þess að skilyrði nálgunarbanns teldust uppfyllt.

Meðal málganga eru SMS-samskipti á milli B og ákærða sem áttu sér stað 3. júní 2017 frá klukkan 12:36:54 og til klukkan 14:16:44, eða í aðdraganda þess að lögregla var kvödd á sameiginlegt heimili B og ákærða, en það var gert klukkan 14:10.

## B

Í vottorði S, yfirlæknis heila- og taugaskurðlækninga á Landspítala háskólasjúkrahúsi, dagsettu 9. júní 2017, segir að brotþoli muni hafa verið á árshátíð 13. mars 2010 og sögð detta aftur fyrir sig á flísalagt gólf og skella á hnakkann. Hún hafi fengið mikið högg og verið flutt á slysa- og bráðadeild Landspítalans með sjúkrabíl. Hún hafi verið illa haldin af þungu höfuðhöggi, vönkuð og verkjuð. Hún hafi verið undir áhrifum áfengis. Þá segir að tölvusneiðmynd af heila sýni sprungu í höfuðkúpu, fyrst og fremst í enni frá augntóft vinstra megin upp í miðlínu höfuðsaums. Þar utan hafi hún verið með mar beggja vegna á framheila, einkum í neðri í hluta framheilalappanna og einnig á gagnaugasvæði heilans. Hafi brotþoli legið á heila- og taugaskurðeildinni í sex daga og þá útskrifast heim til sín. Fyrstu dagana hafi hún verið talsvert slöpp og slæm í höfðinu með ógleði en við útskrift verið orðin talsvert mikið hressari og ógleðin að mestu horfin. Einnig segir að líklegt sé að brotþoli nái sér nokkuð vel en áverkinn á framheila sé hins vegar talsverður og gæti haft áhrif á lyktarskyn og jafnvel gæti einhvers konar minnstruflun verið til staðar, að minnsta kosti fyrstu mánuðina og jafnvel að einhverju leyti til frambúðar. Loks segir að tekin hafi verið tölvusneiðmynd mánuði eftir áverkann og þá sjáist vel að marið sem upphaflega hafi sést á framheila hafi verið farið, en eftir hafi staðið bjúgur og bólga beggja vegna neðst í framheilalöppum. Þá hafi sprunga vinstra megin í höfuðkúpu verið óbreytt. Hafi brotþoli ekki leitað á heilaskurðeildina vegna einkenna sem tengjast framangreindum áverkum síðan 2010.

Í svonefndri innlagnaskrá heila- og taugaskurðlækninga, dagsettri 14. mars 2010, segir að brotþoli hafi verið á árshátíð um kvöldið og drukkið talsvert af hvítvíni. Hún detti á flísalagt gólf eftir að hafa sinnast við samferðafólk sitt. Fyrst fer hún á vinstri síðu og rekur svo hnakkann harkalega í. Hún hafi rotast, en óljós sé hve langur tími hafi liðið þar til hún hafi vaknað. Þá segir orðrétt: „Ku hafa verið í svipuðu ástandi þegar hún vaknaði eins og hún hafði verið áður en hún rak höfuðið í en hringt er á sjúkrabíl og hún flutt á slysa- og bráðadeild til frekari mats. Kastaði ekki upp eða kvartaði um höfuðverk þegar hún vaknaði.“

Samkvæmt læknisvottorði T, sérfræðings á slysa- og bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss, var brotþoli ölvuð á árshátíð 14. mars 2010 og lenti í einhverjum

átökum. Er greint frá því að hún hefði skolið aftur fyrir sig og lent á rassi og baki og farið með höfuðið í flísalagt gólf og rotast við höggið í einhvern tíma en óljóst væri hve lengi. Eiginmaður hennar hefði þó lýst því að það hafi verið einhverjar mínútur þangað til lögregla eða sjúkraflutningamenn hefðu komið á staðinn en þá hefði hún verið komin til meðvitundar. Þá kemur fram að brotþoli hafi við komu verið „ansi ölvuð“ en svari áreiti og nafni sínu en sofni inn á milli þegar spjallað sé við hana. Geti hún ekki útskýrt hvar hún hafi verið, hvað hún hafi verið að gera eða hvað hafi komið fyrir. Töluverð áfengislykt sé úr vitum hennar. Við skoðun séu reikular augnhreyfingar, en hún hreyfi alla útlimi og séu kraftar jafnir. Eðlileg skoðun sé á hjarta, lungum og kvið. Tölvusneiðmynd á höfði sýni brot í höfuðkúpu framan til vinstra megin sem nái frá enni aftur í hnacka. Einnig sjáist utanbastsblæðing og svólítið mar framan til. Loks segir að brotþoli hafi verið greind með kúpuhvolsbrot, heilahristing, dreifðan heilaáverka og innanskúmsblæðingu. Haft hafi verið samband við heila- og taugaskurðlækni til innlagnar og frekari meðferðar.

C

1

Í bréfi, sem M fjölskyldumeðferðarfræðingur ritaði lögreglu 1. ágúst 2017, segir að brotþoli hafi nokkrum sinnum leitað til Geðhjálpar á síðustu mánuðum. Í samtali 18. maí 2017 hafi hún lýst heimilisofbeldi, bæði andlegu og líkamlegu ofbeldi af hálfu eiginmanns síns. Þau hafi átt „hörkuleg“ orðaskipti og í kjölfar þess hefði hann sparkað í hana. Henni hafi verið mjög brugðið og hringt úr sumarhúsi sem hún hafði flúið í vegna atviksins. Brotþoli hafi verið illa á sig komin og grátið mikið.

2

Í svarbréfi O, vaktstýru í Kvennaathvarfinu 24. ágúst 2018 í tilefni af fyrirspurn lögreglu kemur fram að brotþoli hafi hitt ráðgjafa Kvennaathvarfsins í Bjarkarhlíð á árinu 2017 og hafi verið boðið að koma í áframhaldandi viðtöl sem hún hafi þegið. Sýni skráning í athvarfinu að brotþoli hafi komið þrisvar sinnum í viðtal í júní 2017. Þá segir að brotþoli hafi sagt að eiginmaður hennar til margra ára hafi beitt hana „andlegu, líkamlegu og efnahagslegu ofbeldi“ í hjónabandinu sem hafi byrjað fljótt eftir að þau hafi tekið saman. Lýsti hún „hefðbundnu“ ofbeldi í nánnum samböndum hvað varði hegðun ofbeldismannsins, aðstæður og atvik. Þá væri ljóst að henni liði mjög illa andlega vegna ofbeldisins sem hún hefði upplifað og aðstæðna sem það hefði leitt hana í og glími hún

meðal annars við sálrænar afleiðingar ofbeldisins, eins og ítrekaðar alvarlegar sjálfsvígshugsanir.

3

Samkvæmt bréfi P, sérfræðings í klínískri sálfræði, 29. ágúst 2018, leitaði brotþoli til Áfalla- og sálfræðimiðstöðvarinnar í Kópavogi í sex skipti þar sem hún greindi frá ofbeldi af hendi eiginmanns hennar, bæði líkamlegu og andlegu, sem stóð lengi yfir. Þá segir að brotþoli hafi fengið aðstoð við að feta sig áfram í nýjum aðstæðum, það er að koma sér fyrir og byrja í nýrri vinnu. Mikill tími hafi farið í að skoða og ræða samskipti við tvö af þremur börnum hennar. Væru erfiðleikar í samskiptum við börn hennar líklega ekki bein afleiðing af ofbeldinu sem hún hafi orðið fyrir heima en þeir hafi hvílt mjög þungt á henni. Einnig segir að fókusinn í vinnu þeirra hafi meira verið að takast á við lífið eftir skilnað, en mikill léttir hefði verið að komast út úr hjónabandinu. Loks segir í bréfinu að ljóst sé að brotþoli hafi orðið fyrir alvarlegu andlegu og líkamlegu ofbeldi í lengri tíma.

4

Í bréfi Q, verkefnisstjóra í Bjarkarhlíð, til lögreglu 23. október 2019 segir að brotþoli hafi fyrst komið í Bjarkarhlíð 5. júní 2017 og sýnt í viðtölum við félagsráðgjafa alvarleg einkenni kvíða og þunglyndis sem afleiðingu af ofbeldissambandinu sem hún hefði verið í. Auk þess hefði brotþoli verið með alvarleg einkenni áfallastreituröskunar. Þá segir að B hafi komið aftur í viðtöl í júní 2019 vegna vanlíðunar og ótta við að taka eigið líf. Hún hafi glímt við afleiðingar alvarlegs ofbeldis sem hún hafi sætt í hjónabandi sínu. Ofbeldishegðun ákærða hefði hafist sem andlegt ofbeldi en fljótlega hafi orðið stigmögnun á ofbeldinu sem hafi lýst sér í höggum, hrindingum, kverkataki og ýtingum, oft með þeim afleiðingum að stórséð hafi á brotþola sem hafi þurft að leita sér læknishjálpar. Loks segir í fyrrnefndu bréfi Q að brotþoli sé ennþá að vinna með afleiðingar ofbeldis sem hún hafi sætt af völdum ákærða og væri það mat bréfitara að hún þyrfti sérhæfðari áfallameðferð og var henni vísað til Félagsþjónustu Kópavogs.

II

Skýrslur fyrir dómi:

Ákærði greindi frá því fyrir dómi að brotþoli í málinu væri fyrrverandi eiginkona hans. Samband þeirra hefði hafist fyrst 1981 og aftur 1984. Þau hefðu gifst 1988. Sambandið hafi að mestu leyti verið gott en þó nokkuð um átök eins og hefði verið í hennar fjölskyldu. Ákærði sagði brotþola haldna mikilli afbrýðisemi og hefði alla tíð

6

verið og tamið sér samskiptamáta í gegnum tíðina sem orðið hefði til þess að splundra félagsstarfi, saumaklúbbum og atvinnu. Að mestu leyti hefði hjónabandið gengið vel en halla fór verulega undan fæti eftir að sonur þeirra skildi 2014. Kvaðst ákærði halda að brotþoli hefði þróað með sér veikindi sem enn standi yfir.

Ákærði sagði það rangt að hann hefði beitt brotþola ofbeldi. Spurður um atvik í mars til apríl 2002 í fyrsta lið ákæru svaraði ákærði því til að hann hefði enga minningu um slíkan atburð. Þá neitaði ákærði því að hafa tekið brotþola hálstaki. Um atvik samkvæmt öðrum lið ákæru kvaðst ákærði engar minningar hafa um atvikin og gat ekki skýrt framburð dóttur sinnar hjá lögreglu um atvikin. Spurður um atvik samkvæmt þriðja lið ákærunnar kvaðst ákærði ekki kannast við það og ekki hafa séð ljósmyndir í málinu fyrr en hjá lögreglu. Ákærði gat þess að brotþoli hefði sagt að hún ætti ljósmyndir sem gætu komið ákærða illa ef hún þyrfti á því að halda. Hún hefði ekki útskýrt það frekar. Þá kvaðst ákærði aldrei hafa séð brotþola eins útlítandi og á myndunum. Varðandi atvik á Hótel [ ... ] kvaðst ákærði aðspurður neita því að hafa ýtt við brotþola. Hún hefði skollíð í gólfíð, það væri rétt. Ákærði sagði að þau hefðu verið á árshátíð á vinnustað ákærða. Brotþoli hefði verið ofurölvi undir miðnættið og eitthvað ósátt við að ákærði væri að heilsa og ræða við samstarfsfólk. Hann hefði því ákveðið að fara heim og hefði farið í anddyri hótelsins til að ná í yfirhöfn sína. Þá hefði hann heyrt nafn sitt kallað og hefði brotþoli rífið í handlegginn á ákærða og hann rífið sig lausan. Hefði ákærði kippt handleggnum til og dregið höndina að sér þegar brotþoli hefði rífið í handlegginn. Við það hefði hún misst jafnvægið og fallið í gólfíð. Spurður kannaðist ákærði ekki við að hafa sagt við lögreglu að hann hefði „stjakað“ við brotþola. Lögregla hefði tekið niður upplýsingar á staðnum, en hann hefði lítið sagt, enda verið að ná í yfirhöfn brotþola og á leið út í sjúkrabíl með henni. Kvaðst ákærði ekki nota orðin „að stjaka við“ þannig að þau væru ekki frá honum komin. Um atvik í fimmta lið ákæru þar sem ákærða væri gefið að sök að hafa sýnt ógnandi hegðun í garð brotþola 3. júní 2017 sagði ákærði það vera rangt. Fullyrti ákærði að brotþoli hefði sett atburðarásina þennan dag af stað til að slíta hjónabandinu. Móðir ákærða hefði hringt í heimasíma um 10:30 til kveðja, en hún hefði verið að fara til útlanda. Ákærði kvaðst hafa svarað í símann, en þegar símtalinu hefði lokið hefði brotþoli spurt hver hefði hringt og kvaðst ákærði hafa svarað því. Brotþoli hefði hatast við móður ákærða í rúm 30 ár og verið með skæting eftir símtalið og svívirðingar þannig að ákærði hefði ákveðið að fara út og farið í verslun, en komið aftur og sest við eldhúsborð til að skipta um rafhlöðu í fjarstýringu. Þá hefði brotþoli komið

fram úr svefnherbergi þeirra og haldið áfram svívirðingum þar sem frá var horfið fyrr um morguninn. Þá hefði ákærði ákveðið að fara aftur út og þá keyrt upp að [ ... ] þar sem hann kvaðst hafa átt sér athvarf þegar hann hefði þurft að flýja út af heimili sínu, sem hefði verið í hundrað skipti, og setið þar um stund, en svo farið heim til að fara á klósett. Þá hefði brotþoli ennþá verið inni í herberginu. Kvaðst ákærði hafa farið inn í gestaherbergið og lokað að sér og læst til að fá frið til að leggja sig. Nokkru síðar hefði verið barið hressilega á dyrnar og spurt hvern djöfulinn hann væri að gera þarna inni og hvað væri að. Ákærði kvaðst þá hafa staðið á fætur og opnað dyrnar og þá séð um leið að svefnherbergisdyrnar við hliðina hafi lokast. Þá hefði ákærði bankað á dyrnar og spurt hvað brotþola gengi til og hvort ekki væri hægt að fá að vera í friði. Orðaskipti hefðu orðið á milli þeirra og í einhverjum asnagangi hefði hann sagt að hann ætlaði að ná í eitthvað til að opna hurðina. Hefði hann náð í tvo lykla sem hann hefði hringlað saman fyrir framan hurðina. Allt tal um járnkall væri galið. Brotþoli hefði sagt að hún hefði hringt á lögregluna. Kvaðst ákærði ekki hafa nennt að vera á staðnum til að hlusta á einhverja dramatík og því yfirgefið heimilið. Brotþoli hefði kallað í gegnum hurðina að hún hefði hringt í dóttur þeirra, vitnið G, sem hefði talið ástæðu til að kalla lögreglu á staðinn. Neitaði ákærði því aðspurður að mikil læti hefðu verið á staðnum. Mestu lætin hefðu verið þegar brotþoli hefði barið á hurðina á gestaherberginu þar sem ákærði var að leggja sig.

Ákærði sagði einnig að brotþoli hefði háð hatrammt stríð við fyrrverandi tengdadóttur þeirra. Sú hefði í dag slitið öllum tengslum við brotþola. Frá árslokum 2015 hefði hjónaband ákærða og brotþola farið á hliðina og hefði brotþoli í byrjun september 2016 ráðist á ákærða á hótélherbergi í [ ... ] þannig að ákærði hefði þurft að flýja herbergið um tíma. Eftir 3. júní 2017 hefðu samskipti brotþola og ákærða verið tiltölulega róleg til að byrja með og hefðu þau getað hist á kaffihúsi til að ræða hvernig haga ætti hlutunum, en þegar hefði liðið að hausti og þegar fjárskiptin hefðu farið fram 5. október 2017 hefði staðan verið orðin algerlega galin og ekki unnt að eiga samskipti við brotþola. Frá því að skilnaður þeirra hefði gengið í gegn kvaðst ákærði eiga á þriðja hundrað tölvupósta frá brotþola þar sem í flestum þeirra væri hann kallaður „aumingi“ og „ræfill“. Þá kvaðst ákærði eiga 500 síður af skilaboðum þangað til lokað hefði verið á skilaboðamöguleika. Ákærði kvaðst hafa látið skrá hjá lögreglu þau tilvik þegar brotþoli væri að birtast við heimili ákærða. Spurður um framburð barna ákærða við rannsókn málsins, og að leiða mætti líkur að því að þeirra upplifun hefði verið að ástandið

á heimilinu væri nokkuð slæmt, kvaðst ákærði vera ósammála því. Hefði lögreglan aðeins í eitt skipti komið á heimilið þegar sonur ákærða hefði skallað hann. Þá sagði ákærði að dóttir hans, G, yrði að svara fyrir skilaboð til hans um að ofbeldi hans í garð brotþola yrði að ljúka og að hann ætti að leita sér hjálpar. Nefndi ákærði að hann hefði fengið, daginn sem fjárskiptum þeirra var lokið, viðlíka skilaboð og að sonur ákærða, R, hefði komið reiður á heimilið og sparkað í hægri hurð á bíl ákærða og beyglað hana vegna þess að móðir hans hefði sagt honum að hún færi slipp og snauð út úr skilnaðinum. Ákærði sagði brotþola ítrekað hafa ráðist að sér. Einu sinni þegar ákærði var að koma heim úr vinnuferð hefðu öll föt hans legið úti á tröppum hússins af því að hann hefði ekki hegðað sér eins og brotþoli vildi. Loks sagðist ákærði eiga góð samskipti við öll börn sín, en því væri ekki þannig farið hjá brotþola sem ætti engin samskipti við M eða G og væntanlega takmörkuð við R. Mikið hefði gengið á á milli brotþola og M vegna skilnaðar hans í Bandaríkjunum. Hann væri nú í hjónabandi í Þýskalandi. Þá væri óvild eða jafnvel hatur af hendi brotþola í garð fjölskyldu ákærða. Loks neitaði ákærði því aðspurður að hafa sýnt brotþola ógnandi hegðun 3. júní 2017 og hefði brotþoli ekki haft neina ástæðu til að óttast ákærða.

Brotþoli, vitnið B, kvaðst því miður geta tekið undir lýsingar í ákæru um að ákærði hefði endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð hennar með ofbeldi, hótunum og nauðung eins og lýst væri í ákæru málsins. Vitnið skýrði frá því að það hefði verið beitt alls konar andlegu og líkamlegu ofbeldi og á síðustu mánuðum áður en vitnið hefði gengið út af heimilinu hefði fáránlegt atvik gerst. Ákærði hefði komið heim úr vinnu og hent frá sér farangi og sagt að brotþoli væri meiri helvítis fávittinn og gæti ekki einu sinni brotið nærbuxur rétt saman. Lýsti ákærði því að hann hefði verið í ranghverfum nærbuxum allan daginn. Lýsti brotþoli því að ákærði hefði barið hana og hún hefði læðst inn í herbergi og skoðað nærbuxur ákærða til að athuga hvort einhverjar aðrar væru ranghverfar. Hefði hún sagt ákærða það og jafnframt að þetta væru mistök. Ekkert hefði þurft til.

Spurt um atvik að [...] samkvæmt fyrsta lið ákæru bar vitnið að því væri rétt lýst í ákærunni. Þetta hefði endað með því að vitnið hefði öskrað á hjálp og hefði R komið inn í herbergið og tekið föður sinn ofan af vitninu. Um atvik tvö samkvæmt ákæru bar vitnið að það rámaði í atvikið og hefði það átt sér stað. Kveikjan að atvikinu væri að vitnið væri fífl ef ákærða hentaði það. Ekki væri hægt að lýsa því nánar. Um atvik í [...] samkvæmt þriðja tölulið í ákæru sagði vitnið það væri rétt sem þar kæmi fram. Vitnið

kvaðst hafa einhverra hluta vegna geymt ljósmyndir sem væru í gögnum málsins. Vitnið kvaðst hafa tekið myndirnar sjálf og verið miklu verri útlits daginn eftir. Ákærði hefði slegið vitnið. Um atvik á Hótel [ ... ] 14. mars 2010 bar vitnið að það myndi ekki eftir þessu atviki en því hefði verið sagt að vitnið hefði runnið í bleytu og hefði fallið aftur fyrir sig. Vitnið kvaðst hafa vaknað á miðvikudagsmorgni á spítala án þess að vita hvar það væri statt. Á árinu 2013 hefði vitnið verið með vinkonum sínum og þá hefði ein þeirra spurt vitnið af hverju vitnið væri gift þessu „fifli“ og eftir það sem ákærði hefði gert vitninu á árshátíðinni 2010. Vitnið kvaðst hafa reiðst vinkonu sinni út af því að vitnið hefði haldið að vinkonan væri að ljúga.

Um fimmta lið ákærunnar bar vitnið að það hefði orðið hrætt við ákærða sem hefði sagst ætla að berja vitnið með kúbeini. Vitnið hefði þá læst sig inni í svefnherbergi en heyrt að ákærði hefði farið í bílskúrin og komið til baka með eitthvert járn en kvaðst ekki vita hvort það hefði verið kúbein. Sími vitnisins hefði verið á snyrtiborði í herberginu og hefði vitnið hringt „ósjálfrátt“ í dóttur sína, G, sem hefði spurt hvað væri að gerast. Vitnið kvaðst hafa sagt að ekkert væri að gerast og hafa reynt að koma í veg fyrir að dóttir hennar hringdi eftir aðstoð. Vitnið sagði að börn hennar og ákærða hefðu verið orðin vön aðstæðunum.

Spurt um líðan vitnisins í dag svaraði vitnið að það væri skíthrætt við ákærða, en liði alla jafna vel. Vitnið kvaðst vera í gönguhóp og halda sér upptekinni. Þá bar vitnið að það hefði leitað aðstoðar hjá fólki sem hefði orðið fyrir áföllum í lífinu og hittist reglulega og tjái sig. Vitnið kvaðst sitja og hlusta en hefði ekki tjáð sig. Þá kvaðst vitnið vera hjá sálfræðingum í Bjarkarhlíð. Spurt um samband vitnisins við börn sín í dag svaraði vitnið því að það talaði nánast daglega við R, en vitnið kvaðst ekki vita hvað hefði komið fyrir dóttur þess. Hún hefði hringt á lögregluna en farið 180 gráður sem væri vitninu óskiljanlegt. Það væri lítið samband við hana í dag, en engin óvild af hendi vitnisins. Þá sagði vitnið að eldri sonur þess hlyti að vera veikur. Hann hefði hringt í vitnið og sagt að ef vitnið léti hann frá 32 milljónir yrðu þau meira en bestu vinir. Hann hefði átt mjög erfitt eftir að hann skildi og giftist að nýju. Hann þoli ekki að vitnið hafi samband við börn hans í gegnum móður þeirra. Spurt um tölvupóst sem vitnið og ákærði sendu sín á milli 3. júní 2017, þegar vitnið kvaðst hafa gengið út af heimilinu, bar vitnið að það kannaðist við póstin. Vitnið tók fram að dóttir þess hefði hringt á lögregluna umræddan dag og sagt að hennar börn ættu ekki að þurfa að alast upp við það sama og hún og bræður hennar þurftu að alast upp við.

Lögreglumaður C skýrði frá því að hann hefði ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum verið saman á bíl þegar útkall hefði komið og þau farið á Hótel [ ...]. Tilkynnt hefði verið um fall. Rætt hefði verið við eiginmann konunnar sem slasaðist og hann hefði sagt að þetta hefðu verið einhverjar hrindingar. Konan hefði verið ölvuð og í slæmu ástandi. Hún hefði hrint honum og hann hrint henni til baka. Spurt kvaðst vitnið hafa ritað dagbókarfærslu vegna málsins en ekki skýrslu. Þá kvaðst vitnið ekki muna hvort það hefði borið dagbókarfærsluna undir samstarfsfólk sitt.

Lögreglumaður D greindi frá því að aðkoma hans að málinu hefði verið að hann og félagi hans hefðu í júní 2017 farið upp í [...] þar sem tilkynning hefði komið frá þriðja aðila um einhvern ágreining milli hjóna. Farið hefði verið á staðinn þar sem lögreglumenn hittu konu sem var ein í húsinu og sagði að æsingur hefði orðið milli hennar og manns hennar, en hvorki átök né hótanir. Hefði konan verið sérstaklega spurð að því af lögreglu. Rætt hefði verið nánar við konuna og á endanum hefði hún farið að rifja upp nokkurra ára sögu þar sem ofbeldi hefði átt sér stað á milli þeirra. Rannsóknarlögreglumaður hefði verið fenginn til að taka við rannsókn málsins og eftir þetta hefði verið rætt við konuna á lögreglustöð. Á staðnum hefði konan verið í uppnámi en engin merki um átök og heimilið snyrtilegt. Ákærði hefði ekki verið á vettvangi. Nánar aðspurt út í þau orð í skýrslu vitnisins að um hefði verið að ræða „ógnandi hegðun“ svaraði vitnið því að það hefði verið æsingur. Konan hefði verið lokuð inni í herbergi og hefði maðurinn barið á dyrnar. Konan hefði sagt að hún hefði orðið hrædd og lokað sig inni í herbergi þar sem henni fannst sér ógnað. Ekki hefði komið fram hvað þetta hefði staðið lengi.

Vitnið E, áður lögreglumaður númer 0530, kvaðst ekki muna eftir atvikum er varði ákærulið númer fjögur. Vitnið sagði sig ráma í útkall á Hótel [ ... ] og að hafa staðið við stigann en treysti sér ekki til að bera um atvik málsins.

Lögreglumaður F skýrði frá því að hann hefði farið á Hótel [ ... ] ásamt tveimur lögreglumönnum. Komið hefði verið inn í anddyri hótelsins og rætt hefði verið við einhvern mann, en vitnið kvaðst ekki hafa skráð niður framburð mannsins á þeim tíma. Meira gætið vitnið ekki sagt en að útkallið hefði verið út af manni og konu sem hefðu átt í einhverjum ágreiningi. Félagi vitnisins hefði skráð niður bókun vegna málsins. Vitnið kvaðst ekki hafa rætt við aðra á staðnum og búið hefði verið að flytja konuna af staðnum.

Vitnið H, áður lögreglumaður J, skýrði frá því fyrir dómi að lögregla hefði fengið boð um hugsanlegt heimilisofbeldi í [...]. Vitnið kvaðst hafa farið á vettvang ásamt

samstarfsfélaga og hitt þar konu sem hefði orðið mikið um komu lögreglu á staðinn og farið að gráta og ekki getað talað en vísaði lögreglu inn í húsið. Skýrði konan frá því að hún byggi þarna ásamt manni sínum til margra ára og hefði í 30-40 ár verið beitt líkamlegu og andlegu ofbeldi af hendi eiginmanns síns. Haft hefði verið samband við rannsóknarlögreglumann, en eiginmaður konunnar hefði verið farinn af vettvangi og því hefði ekki verið tækifæri til að tala við hann. Farið hefði verið með konuna á lögreglustöðina í Hafnarfirði þar sem rannsóknarlögreglumaður tók við málinu. Spurt sagði vitnið að konan hefði verið í miklu uppnámi á vettvangi. Engin merki hefðu verið sjáanleg um átök í húsinu. Konan hefði lýst því að um rifrildi og hótanir hefði verið að ræða og hefði hún læst sig inni í herbergi og neitað að koma út. Hún hefði greinilega farið langt niður við það að læsa sig inni og var hrædd við að koma fram aftur og hugsaði mest til þess að hún vildi hverfa. Nánar aðspurt sagði vitnið að hótanir ákærða, þær sem konan hefði vísað til, hefðu ekki verið þennan tiltekna dag, en hún hefði orðið fyrir miklum hótunum í gegnum tíðina.

Vitnið I, áður lögreglumaður I, gaf skýrslu fyrir dómi um síma og skýrði frá því að hann hefði séð um rannsókn málsins. Málið hefði byrjað með útkalli vegna meints heimilisofbeldis sem almennir lögreglumenn hefðu sinnt. Brotapoli hefði fylgt lögreglu á lögreglustöðina í Hafnarfirði þar sem vitnið hefði tekið við rannsókn málsins. Tekin hefði verið framburðarskýrsla af brotapolu þar sem hefðu komið fram upplýsingar um langvarandi heimilisofbeldi sem staðið hefði í mörg ár. Greindi brotapoli frá allmörgum atvikum sem hefðu snúið að henni og börnum þeirra. Helstu atvikin voru líkamsárás í [...] 2008 þar sem brotapoli lagði fram ljósmynd máli sínu til stuðnings. Sakaði brotapoli ákærða um að hafa ráðist á hana og kýlt hana mörgum sinnum. Þá hefði brotapoli greint frá atviki á árinu 2010 á árshátíð á Hótel [ ... ] þar sem hún hefði sakað ákærða um að hafa hent sér í gólfið, en hún hefur haldið því fram að hún hafi runnið til í vatni. Engin skýrsla hefði verið gerð vegna atviksins, en lögregla hafði afskipti af málinu og til er bókun vegna þess. Vitnið sagði aðspurt að brotapoli hefði verið skýr og greinargóð í framburði sínum um hvernig sambandið hefði verið og síðan fannst vitninu styrkja þetta meira hvernig dóttir hennar, G, lýsir því sem gerst hefði í hennar æsku. Framburður annarra í málinu hefði styrkt framburð brotapola. Spurt svaraði vitnið því til að það hefði rannsóknargögn málsins hjá sér við skýrslugjöfina en vitnið var stutt í útlöndum þegar skýrslan var tekin.

Vitnið G, dóttir ákærða og brotþoli, kom fyrir dóminn og kvaðst vilja nýta sér þann rétt samkvæmt 117. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að skorast undan því að gefa vitnaskýrslu í málinu.

Vitnið K skýrði frá því fyrir dómi að það kannaðist við atvik á Hótel [ ... ] í mars 2010 en þau væru ekki skýr í minni vitnisins. Vitnið kvaðst þekkja ákærða og brotþola frá því að þau hefðu öll verið búsett í [...]. Um atvikið á hótelinu bar vitnið að það myndi ekki til þess að hafa orðið vitni að samskiptum ákærða og brotþola en kvaðst muna eftir því að hafa verið að stumra yfir brotþola. Vitnið kvaðst ekki geta greint frá því sem gerðist og kvaðst eiga erfitt með að muna eftir atvikinu og væri heldur ekki í neinum samskiptum við brotþola. Um ástæðuna sagði vitnið að ákærði hefði lagt hendur á brotþola „eða eitthvað slíkt“ en vitnið hefði ekki séð það. Brotþoli hefði fallið í gólfíð eða verið á gólfinu. Um ástæðu þess sagði vitnið að brotþoli hefði sagt því að ákærði hefði slegið til hennar „eða slegið hana.“ Vitnið kvaðst aðspurt ekki muna hvað því, ákærða og brotþola hefði farið á milli í umrætt sinn. Þá kom fram að vitnið hefði engu við það að bæta sem það hefði sagt hjá lögreglu. Spurt kvaðst vitnið ekki muna til þess að brotþoli hefði verið með áverka þegar þau bjuggu í [...].

Vitnið L skýrði frá því að það þekkti ákærða eftir langt samstarf við hann hjá [ ... ] og hefði hitt brotþola eftir búsetu í [...] og víðar. Vitnið kvaðst hafa verið statt á Hótel [ ... ] í mars 2010 en ekki orðið vitni að neinu og ekki séð neitt gerast en vissi af því að brotþoli hefði meitt sig og legið á gólfinu. Þáverandi kona vitnisins sem væri hjúkrunarfræðingur hefði farið og aðstoðað brotþola. Hvað hefði gerst kvaðst vitnið ekki vita neitt um og hefði ekki farið að þar sem brotþoli lá á gólfinu. Vitnið bjó á sama tíma og ákærði og brotþoli í [...]. Kvaðst vitnið aðspurt aldrei hafa orðið vart við áverka á brotþola.

Vitnið M skýrði frá því að það hefði á stærstum hluta tímabils sem tilgreint væri í ákæru verið utan heimilis foreldra sinna. Óháð því bar vitnið að móðir sín ætti það til að standa í stríði og erjum við allt og alla í kringum sig og væri það ekki nýlega tilkomið og hefði verið svo lengi sem vitnið myndi eftir sér. Vitnið kvaðst lýsa því þannig að ef að var til yrði spenna þá hafi spennan orðið til vegna þess að móðir vitnisins átti í erjum við einhvern. Flesta sem hefðu verið í kringum hana hefði hún einhvern tíman átt í erjum við. Vitnið kvaðst aðspurt ekki svo það myndi til hafa orðið vitnið að ofbeldisfullri háttsemi á heimilinu á milli foreldra sinna. Vitnið svaraði því aðspurt að framkoma móður þess í garð föður vitnisins hefði verið neikvæð en framkoma föður jákvæð í garð

móður vitnisins. Þá kvaðst vitnið ekki muna til þess að það eða systkini þess hefðu orðið fyrir ofbeldi á heimilinu. Vitnið kvaðst hafa lokað á samskipti við móður sína vegna þess að hún ætti í stanslausum erjum og börn vitnisins hefðu engin samskipti við brotþola vegna framkomu hennar.

Vitnið M, fjölskyldufræðingur hjá geðheilsuteymum höfuðborgarsvæðisins, greindi frá því að brotþoli hefði komið í ráðgjöf hjá Geðhjálp, þar sem vitnið starfaði, fyrst og fremst vegna sonar brotþola og tengdadóttur. Það hefði verið af góðum huga gert. Brotþoli hefði leitað álits á því hvort hún væri að stíga rétt til jarðar. Brotþoli hefði ekki nefnt ágreining milli þeirra. Rætt hefði verið síðar um meint heimilisofbeldi þegar á leið. Brotþoli hefði hringt í vitnið í miklu uppnámi og hefði flúið í sumarbústað og sagt að eiginmaður hennar hefði sparkað til hennar og hent henni utan í vegg „og eitthvað slíkt.“ Vitnið taldi frásögn brotþola trúverðuga, enda hefði henni verið svo mikið niðri fyrir. Allt sem fylgdi ofbeldisröskun væri alvarlegt og gæti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Vitnið O, vaktstýra í Kvennaathvarfinu, kom fyrir dóm og staðfesti efni bréfs sem vitnið hefði ritað lögreglu og varðaði brotþola. Vitnið gat ekki staðfest að það hefði átt viðtöl við brotþola en benti á að brotþoli hefði leitað til Bjarkarhlíðar. Orðið væri langt um liðið og því gat vitnið ekki staðfest að það hefði sjálft rætt við brotþola eða hvort einhver annar á þeirra vegum hefði gert það, en athvarfið væri með viðtöl í Bjarkarhlíð.

Vitnið P sálfræðingur skýrði frá því að brotþoli hefði fengið samþykka beiðni um fjárstyrk og leitað á Áfalla- og sálfræðimiðstöðina í Kópavogi þar sem vitnið hefði hitt hana í fimm skipti í byrjun vetrar 2017. Í febrúar 2018 hittu vitnið brotþola í sjötta skiptið og eftir það í tvö skipti, það síðara í nóvember sama ár. Eftir það hefði afskiptum vitnisins af málinu lokið. Vitnið sagði brotþola hafa verið upptekna af því sem hefði gerst nýlega og sagði til að byrja með ítarlega frá ofbeldi sem hún hefði orðið fyrir. Brotþoli hefði verið yfirveguð í frásögninni. Síðar hefði athyglin svolítið beinst að því hvernig hún ætlaði að lifa lífinu eftir svo mikla breytingu á lífi sínu. Vitnið kvaðst ekki hafa verið í neinu hlutverki rannsakanda gagnvart þessu ofbeldi, heldur hefði vitnið reynt að mæta brotþola þar sem hún hefði verið. Brotþoli hefði verið að koma sér fyrir og byrja í nýrri vinnu og hafði áhyggjur af peningum og um hafi verið að ræða alls konar flækjustig eins og hverja hún gæti umgengist. Þá hefði brotþola verið tíðrætt um samskipti við tvö af þremur börnum hennar sem voru erfið, ekki endilega út af ofbeldinu. Þau hvíldu mjög þungt á brotþola. Vitnið kvaðst aldrei hafa efast um að brotþoli væri

að segja satt um ofbeldið án þess að vitnið hefði spurt rannsakandi spurninga. Það hefði hlustað á frásögn brotþola og ekki efast út frá því hvernig hún hefði sagt frá og hvernig hún hefði verið. Hún hefði verið samkvæm sjálfri sér og hvorki verið að ýkja eða draga úr. Ekki hefði verið auðvelt að segja frá og hefði henni orðið tíðrætt um af hverju hún hefði ekki komið sér út úr aðstæðunum fyrr. Aðspurt bar vitnið að unnið hefði verið með það að líf brotþola hefði snúist á hvolf. Hvernig ætti að takast á við lífið sem væri algengt um þá sem væru að koma úr ofbeldissambandi og líka mjög algengt eftir „venjulegan skilnað“. Það væri mjög margt sem þyrfti að læra upp á nýtt eða gera öðruvísi. Spurt kvaðst vitnið hafa borið efni vottorðsins undir brotþola áður en það var sent til lögreglu. Þá bar vitnið að það hefði ekki greint áfallastreituröskun hjá brotþola, enda væri það mikil meðferð. Vitnið svaraði því aðspurt að brotþoli hefði átt erfið samskipti við eldri son sinn og dóttur, en samskipti við hana hefðu farið versnandi á þessum tíma. Í upphafi hefði brotþoli fengið mikinn stuðning frá dóttur sinni, en svo hefðu samskiptin farið versnandi án þess að vitnið vissi af hverju. Þetta hefði hvílt þungt á brotþola. Einnig hefði brotþola orðið tíðrætt um fyrrverandi tengdadóttur sína sem bjó í [ ... ]. Greinilega hefði verið mikið flækjustig þar. Ekki hefði verið um sjálfsvígshugsanir að ræða hjá brotþola.

Vitnið Q, félagsráðgjafi og verkefnisstjóri í Bjarkarhlíð, kvaðst hafa fylgst með málinu frá byrjun en þó ekki tekið byrjunarviðtalið við brotþola. Eftir það hefði brotþoli farið til lögreglu og í ráðgjöf í Kvennaathvarfinu og fengið stuðning. Sumarið 2019 hefði brotþoli aftur haft samband af því að henni liði illa og kvaðst vitnið hafa boðið henni viðtöl. Brotþoli hefði farið yfir söguna og kynni sín af ákærða og mat vitnisins væri að um hefði verið að ræða ofbeldissamband frá upphafi án þess að brotþoli áttaði sig á því, enda gæti það tekið tíma að átta sig á því í nánú sambandi. Vitnið kvaðst aðspurt hafa yfir 30 ára reynslu af því að ræða við fólk í sambærilegri stöðu og brotþoli væri í og vinna með afleiðingar ofbeldis. Frásögn brotþola væri mjög trúverðug. Það mat væri byggt á þeim afleiðingum sem hún hefði þurft að takast á við bæði í hjónabandinu og síðan eftir að sambandi hefði lokið og að hún hefði farið að vinna úr þessu og fá endurupplifanir. Þetta lýsti sér í þunglyndi og kvíða og áfallastreytueinkennum sem færu að trufla hana og sjálfsvígshugsunum sem leiða til þess að hún bugast.

Vitnið R, sonur ákærða og brotþola, kom fyrir dóminn og kvaðst vilja nýta sér þann rétt samkvæmt 117. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að gefa ekki skýrslu í málinu.

### III

Niðurstaða:

Í máli þessu er ákærða gefið að sök „stórfellt brot í nánu sambandi með því að hafa á árunum 2002 til 2017 endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð fyrrverandi eiginkonu sinnar ... með ofbeldi, hótunum, nauðung og á annan hátt.“ Í ákærinni eru í dæmaskyni tiltekin fimm tilvik um ætlaða refsiverða háttsemi ákærða sem talin eru varða við 218. gr. b í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins, verði málinu ekki vísað frá dómi, og að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð. Leyst var úr frávísunarkröfu ákærða með úrskurði dómsins 1. apríl 2020. Var kröfu ákærða hafnað. Krafa ákærða um sýknu er byggð á neitun ákærða á því að vera valdur að þeim ávirðingum sem á hann eru bornar í málinu og sé ætluð háttsemi hans sé ósönnuð í málinu.

Í 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum, sbr. breytingu með 4. gr. laga nr. 23/2016, segir að hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt skuli sæta fangelsi allt að sex árum. Sé brot stórfellt getur það varðað fangelsi allt að 16 árum, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Við mat á grófleika verknaðar ber sérstaklega að líta til þess hvort þolandi hafi beðið stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlotist af. Enn fremur ber að líta til þess hvort brot hafi verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda.

Samkvæmt athugasemdum með frumvarpi því er varð að fyrrgreindum lögum nr. 23/2016 um breytingu á almennum hegningarlögum var lagt til að nýju ákvæði yrði bætt við lögina þar sem ofbeldi í nánum samböndum yrði sérstaklega lýst refsivert. Með ákvæðinu var lögð áhersla á að ofbeldi í nánum samböndum fæli ekki einungis í sér samansafn einstakra tilvika heldur mætti virða slíka háttsemi sem eina heild. Athyglin

væri þannig færð á það ógnar- og óttaástand sem gæti skapast og jafnframt á þá viðvarandi andlegu þjáningu, kúgun og vanmátt sem þolandi upplifði við slíkar aðstæður.

Þá segir að samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins sé það gert að skilyrði að háttsemi sé endurtekin eða alvarleg svo hún verði refsiverð samkvæmt ákvæðinu. Með því að háttsemi sé endurtekin er vísað til þess að hún hafi staðið yfir í lengri eða skemmri tíma þannig að telja megji að viðvarandi ógnarástand hafi skapast. Ekki sé þó útilokað að einstakt brot geti fallið undir ákvæðið ef það nái tilteknu alvarleikastigi. Minni háttar brot sem ekki ná því stigi gætu eftir sem áður varðað við vægari refsíákvæði eins og 1. mgr. 217. gr. laganna. Ákvæðið er ætlað að veita fyrrverandi og núverandi maka eða sambúðaraðila og fleirum sérstaka réttarvernd sem talið er að nauðsynlegt sé að veita gegn ofbeldi í nánnum samböndum.

Í fyrsta tölulið ákæru málsins er ákærða gefið að sök að hafa í eitt skipti á tímabilinu mars til apríl 2002, í svefnherbergi á heimili ákærða og brotþola að [...] veist með ofbeldi að brotþola og meðal annars vafið bol um háls hennar og hert að þannig að brotþoli óttaðist um líf sitt. Brotþoli greindi lögreglu ekki frá þessu atviki í fyrstu skýrslu sem tekin var af henni 3. júní 2017. Í skýrslu sem tekin var hjá lögreglu 28. júní 2017 af syni brotþola og ákærða, R, segir meðal annars að þegar hann hafi verið 12-13 ára gamall hafi hann farið inn í herbergi foreldra sinna af því hann hefði heyrt móður sína öskra. Þegar inn í herbergið kom hefði hann séð ákærða standa vinstra megin við rúmið og brotþola á gólfinu með bol utan um hálsinn. Hefði brotþoli kallað: „X ekki“ Þá hefði ákærði togað í bolinn á meðan hann herti að. Kvaðst vitnið hafa tekið ákærða hálstaki, dregið hann fram á gang og hent honum í gólfið. Vitnið kvaðst ekki muna hvenær ársins þetta hefði verið.

Brotþoli skýrði frá því fyrir dómi að atvikinu væri rétt lýst í ákæru. Endað hefði með því að brotþoli hefði öskrað og hefði R tekið ákærða ofan af brotþola. Ákærði kvaðst fyrir dómi ekki muna eftir slíku atviki og neitaði því að hafa tekið brotþola hálstaki. Samkvæmt þessu stangast á framburður brotþola og ákærða fyrir dómi og ekki nýtur við annarra upplýsinga eða gagna um atvik samkvæmt þessum ákærulið.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Í ákvæðinu er að finna meginregluna um milliliðalausa sönnunarfærslu. Við aðalmeðferð málsins kom vitnið R fyrir dóminn til skýrslugjafar um síma enda búsettur í útlöndum. Hann kaus að nýta sér rétt samkvæmt 117. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og skoraðist

undan því að gefa skýrslu vitnis í málinu. Í 2. og 3. mgr. 111. gr. er að finna undantekningar frá þeirri meginreglu sem fram kemur í 1. mgr. ákvæðisins. Að mati dómsins eiga þær reglur ekki við í málinu og verður ekki byggt á framburði vitnisins R hjá lögreglu, enda hefur sá framburður hans ekki sönnunargildi í málinu, sbr. 3. mgr. 111. gr. laga um meðferð sakamála.

Að mati dómsins hefur ákærvaldinu ekki tekist, gegn neitun ákærða, að færa sönnur á atvik á árinu 2002 í svefnherbergi brotaþola og ákærða að [...] sem rakið er í fyrsta tölulið ákæru og er ekki hjá því komist að sýkna ákærða af þeirri háttsemi sem þar er lýst.

Í öðrum tölulið ákæru málsins er ákærða gefið að sök að hafa í eitt skipti á árunum 2005-2007, á heimili ákærða og brotaþola að [...], veist með ofbeldi að brotaþola og „meðal annars“ troðið sokk í munn hennar. Brotaþoli greindi lögreglu ekki frá þessu atviki í fyrstu skýrslu sem tekin var af henni 3. júní 2017. Í skýrslu sem tekin var hjá lögreglu 4. júní 2017 af dóttur brotaþola og ákærðu, G, segir meðal annars að þegar vitnið hafi verið í menntaskóla hafi hún heyrt skarkala frammi á gangi. Hún hefði farið fram og séð ákærða vera að troða sokk upp í brotaþola til að þagga niður í henni.

Fyrir dómi skýrði brotaþoli frá því að hana rámaði í atvikið og að það hefði átt sér stað. Kveikjan að atvikinu hefði verið að brotaþoli „væri fífl ef ákærða hentaði það“. Ekki væri hægt að lýsa þessu nánar. Ákærði kvaðst fyrir dómi ekki muna eftir þessum atburði. Ekki nýtur við annarra upplýsinga eða gagna um atvik samkvæmt þessum ákærulið.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Í ákvæðinu er að finna meginregluna um milliliðalaus sönnunarfærslu. Við aðalmeðferð málsins kom vitnið G fyrir dóminn til skýrslugjafar. Hún kaus að nýta sér rétt samkvæmt 117. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og skoraðist undan því að gefa skýrslu vitnis í málinu. Í 2. og 3. mgr. 111. gr. er að finna undantekningar frá þeirri meginreglu sem fram kemur í 1. mgr. ákvæðisins. Að mati dómsins eiga þær reglur ekki við í málinu og verður ekki byggt á framburði vitnisins G hjá lögreglu, enda hefur sá framburður hennar ekki sönnunargildi í málinu, sbr. 3. mgr. 111. gr. laga um meðferð sakamála.

Að mati dómsins hefur ákærvaldinu ekki tekist, gegn neitun ákærða, að færa sönnur á atvik á árunum 2005-2007 á heimili brotaþola og ákærða að [...] sem rakið er í

öðrum tölulið ákæru og er ekki hjá því komist að sýkna ákærða af þeirri háttsemi sem þar er lýst.

Í þriðja tölulið ákæru er ákærða gefið að sök að hafa í september 2008 á heimili brotþola og ákærða í [...] veist með ofbeldi að brotþola og slegið hana ítrekað í andlit og búk með þeim afleiðingum að brotþoli hlaut mar og bólgur í andlit og víðsvegar um líkamann. Fyrir dómi greindi brotþoli frá því að það væri rétt sem fram kæmi í þriðja lið ákærunnar. Ákærði hefði slegið vitnið sem einhverra hluta vegna hefði geymt ljósmyndir af því sem væru í gögnum málsins. Vitnið kvaðst hafa tekið myndirnar sjálf og verið miklu verri útlits daginn eftir. Lýsti brotþoli atvikinu ekki frekar fyrir dómi. Ákærði neitaði því aðspurður að vera valdur að þeirri háttsemi sem lýst væri í þessum lið ákæru og kvaðst ekki hafa séð ljósmyndir sem væru meðal málgagna fyrir en hjá lögreglu. Greindi ákærði frá því að brotþoli hefði sagt honum að hún ætti ljósmyndir sem gætu komið honum illa ef á þyrfti að halda án þess að útskýra það frekar.

Upplýst er í málinu að ákærði og brotþoli voru vegna starfa ákærða búsett í [...] um tíma ásamt fleiri íslendingum, þar á meðal vitnunum K og L. Kvaðst vitnið K ekki minnast þess að hafa séð áverka á brotþola þegar vitnið bjó í [...]. Vitnið L skýrði frá því fyrir dómi að hann hefði aldrei séð áverka á brotþola þegar þau bjuggu í [...]. Meðal málgagna eru tvær litljósmyndir af brotþola með glóðarauga á hægri auga og roða á kinnbeini sömu megin. Mun brotþoli hafa afhent lögreglu myndirnar við rannsókn málsins. Ekki er upplýst í málinu hvort um sömu myndir er að ræða og brotþoli sagði við ákærða að hún ætti og gætu komið honum illa eða aðrar myndir. Þá verður hvorki ráðið af myndunum hvenær þær voru teknar né hvar. Þá verður ekki heldur ráðið af myndunum hvernig brotþoli fékk þá áverka sem um ræðir. Ekki nýtur við læknisfræðilegra gagna um áverka á brotþola eða annarra gagna eða upplýsinga um háttsemi þá sem ákærða er gefið að sök að hafa framið og tilgreind er í þriðja tölulið ákærunnar. Þar er að finna almenna lýsingu á því að ákærði hafi veist að brotþola á heimili þeirra með ofbeldi og slegið brotþola ítrekað í andlitið og búk. Framburður vitnanna K og L sem neituðu því aðspurð að hafa séð áverka á brotþola þegar þau bjuggu í [...] varpar ekki ljósi á þá háttsemi sem lýst er í þessum ákærulið. Telst ósannað að ákærði hafi framið þá háttsemi sem þar er lýst og verður að álykta sem svo að ákæruvaldið hafi ekki axlað þá sönnunarbyrði sem á því hvílir, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Verður ákærði því sýknaður af þessum ákærulið.

Í fjórða tölulið ákæru er ákærða gefið að sök að hafa þann 14. mars 2010, í kjölfar rifrildis á milli ákærða og brotþola, á Hótel [ ... ], ýtt við brotþola með þeim afleiðingum að hún féll og skall við það með höfuðið í gólfið og missti meðvitund. Hlaut brotþoli heilahristing, brot á höfuðkúpu framan til vinstra megin frá enni og aftur í hnakka og mar beggja vegna á framheila og á gagnaugasvæði heilans.

Lögreglan var kvödd að hótelinu í umrætt sinn og í dagbókarfærslu vegna atviksins segir að brotþoli hafi verið flutt með sjúkrabifreið á slysadeild til skoðunar. Hún væri lítið meidd, en líklega blæði úr sprunginni vör og tönn gæti mögulega hafa losnað. Haft er eftir ákærða að brotþoli hafi verið ofurölvi og með vesen. Sagði ákærði brotþola hafa stjakað við honum og hann hefði þá gert það sama þannig að hún hefði fallið á gólfið. Hvorki var rituð frumskýrsla vegna málsins né framburðir hugsanlegra vitna skráðir á staðnum. Í kafla I B að framan eru raktar upplýsingar úr læknavottorðum T sérfræðings á slysa- og bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss og S yfirlæknis heila- og taugaskurðlækninga á sama sjúkrahúsi.

Brotþoli greindi lögreglu fyrst frá atvikinu í skýrslu 3. júní 2017. Er haft eftir brotþola að hún hafi hlotið slæmt höfuðhögg sem hái henni ennþá þar sem hún sé með doða í andliti og niður eftir hálsi, aðallega vinstra megin. Kvaðst brotþoli hafa verið með ákærða á árshátíð á laugardagskvöldi en vaknað á miðvikudagsmorgni án þess að vita hvar hún væri eða hvað hefði komið fyrir. Hefði vitni á staðnum sagt að brotþoli hefði runnið til í vatni og lent á hnakkanum. Kvaðst brotþoli hafa trúað þessu lengi en á árinu 2013 hefði hún hitt konu sem hún þekkti í gegnum [ ... ], K, sem hefði sagt brotþola að hún skildi ekki af hverju hún væri ennþá gift ákærða, sem hefði hent henni í gólfið. Kvaðst brotþoli hafa borið þetta upp á ákærða sem hefði svarað þannig: „Helvítis auminginn þinn auðvitað veistu það, já ég gerði það. Þú vannst fyrir því, þú áttir þetta skilið, það varst þú sem bjóst þetta til.“

Fyrir dómi neitaði ákærði því að hafa ýtt við brotþola. Rétt væri að hún hefði skolið í gólfið. Hún hefði verið ofurölvi um miðnættið og ósátt við að ákærði væri að ræða við samstarfsfólk. Hann hefði þá ákveðið að fara heim og farið í anddyri hótelsins til að ná í yfirhöfn sína. Brotþoli hefði komið og rifið í handlegg ákærða sem hefði rifið sig lausan með því að kippa handleggnum til og draga höndina að sér þegar brotþoli hefði rifið í handlegginn. Við það hefði brotþoli misst jafnvægið og fallið í gólfið. Brotþoli kvaðst aðspurð fyrir dómi ekki muna eftir atvikinu á Hótel [ ... ].

Lögreglumaður C, sem fór á vettvang ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum, skýrði frá því fyrir dómi að rætt hefði verið við eiginmann konunnar sem slasaðist sem hefði sagt að þetta hefðu verið „einhverjar hrindingar.“ Konan hefði verið ölvuð og í slæmu ástandi, hún hefði hrint honum og hann henni til baka. Vitnin K og L voru á sömu árshátíð og ákærði og brotaþoli en sáu ekki hvernig það atvikaðist að brotaþoli féll í gólfið. Vitnið K kom að þar sem brotaþoli lá á gólfinu og bar um það fyrir dómi að brotaþoli hefði sagt að ákærði hefði slegið hana eða slegið til hennar.

Í fyrrnefndu læknisvottorði T sérfræðings á slysa- bráðadeild Landspítalans segir að brotaþoli hafi dottið aftur fyrir sig, lent á rassi og baki og lent með höfuðið í flísalagt gólf og rotast við höggið í einhvern tíma. Ekki væri vitað hve lengi. Við komuna á slysa- og bráðadeild kvaðst brotaþoli ekki geta útskýrt hvað hefði komið fyrir. Ekki nýtur við frásagnar brotaþola sjálfs af atvikinu en hún kvaðst ekki muna atvikin aðspurð fyrir dómi. Að mati dómsins er framburður vitnisins K um að brotaþoli hafi sagt henni að ákærði hefði slegið brotaþola eða slegið til hennar ónákvæmur og ekki í samræmi við aðrar upplýsingar í málinu. Kemur þar einkum tvennt til, annars vegar er frá því greint í ákæru að brotaþoli hafi misst meðvitund við fallið og hins vegar segir í fyrrnefndu læknisvottorði T sérfræðings að við komu á slysa- og bráðadeild Landspítalans hefði brotaþoli ekki geta greint frá því sem gerst hefði. Eftir stendur frásögn ákærða af atvikinu sem dómurinn metur ekki ótrúverðuga.

Samkvæmt því sem að framan er rakið þykir ósannað að ákærði hafi ýtt við brotaþola með þeim afleiðingum að hún féll við. Verður ákærði því ekki sakfelldur fyrir þá háttsemi sem lýst er í fjórða tölulið í ákæru málsins.

Í fimmta tölulið ákæru er ákærða gefið að sök að hafa 3. júní 2017 á heimili hans og brotaþola að [...] sýnt af sér ógnandi hegðun í garð brotaþola, móðgað hana og smánað með því að hreyta í hana fúkyrðum sem leiddi til þess að brotaþoli læsti sig inni á baðherbergi af ótta við ákærða.

Eins og fram kemur í kafla I A að framan var lögregla kvödd að [...] klukkan 14:10 á fyrrnefndum degi vegna hugsanlegs heimilisofbeldis. Greindi brotaþoli lögreglu frá því að ákærði væri farinn af vettvangi en hún hefði „fyrir um daginn“ orðið mjög hrædd við ákærða þar sem hann hefði orðið mjög reiður og æstur og óttaðist brotaþoli að ákærði myndi leggja á hana hendur. Hefði ákærði hreytt í hana fúkyrðum og því hefði hún ákveðið að læsa sig inni í svefnherbergi.

Lögreglumaður D, sem ritaði frumskýrslu vegna málsins, skýrði frá því að lögreglan hefði verið kvödd að [...] vegna ágreinings á milli hjóna. Hann greindi frá því fyrir dómi að brotþoli hefði sagt lögreglu frá því að „æsingur“ hefði orðið á milli hennar og ákærða, en hvorki átök né hótanir, en hún hefði sérstaklega verið spurð að því. Þegar rætt hefði verið nánar við konuna hefðu hún rifjað upp nokkra ára sögu þar sem ofbeldi hefði átt sér stað á milli þeirra. Nánar aðspurt fyrir dómi um orðin „ógnandi hegðun“ sem skráð væru í skýrslunni svaraði vitnið því til að það hefði verið æsingur. Brotþoli hefði verið lokað inni í herbergi og hefði ákærði barið á dyrnar. Brotþoli hefði sagt að hún hefði orðið hrædd og lokað sig inni í herberginu.

Fyrir dómi greindi brotþoli frá því að hún hefði orðið hrædd við ákærða sem hefði sagst ætla að berja vitnið með kúbeini. Vitnið hefði þá læst sig inni í svefnherbergi en heyrt að ákærði hefði farið í bílskúrin og komið til baka með eitthvað járn en kvaðst ekki vita hvort það hefði verið kúbein. Þá kvaðst brotþoli hafa hringt „ósjálfrátt“ í dóttur sína sem hefði spurt hvað væri að gerast. Brotþoli hefði svarað því til að ekkert væri að gerast og hefði reynt að koma í veg fyrir að dóttirin hringdi eftir aðstoð lögreglu.

Fyrir dómi neitaði ákærði því að hafa sýnt brotþola ógnandi hegðun þennan umrædda dag og fullyrti að brotþoli hefði sett atburðarrásina af stað til að slíta hjónabandinu. Lýsti ákærði atvikum þannig að móðir hans hefði hringt um klukkan 10:30 til kveðja, en hún hefði verið að fara til útlanda. Ákærði kvaðst hafa svarað í símann, en þegar símtalinu hefði lokið hefði brotþoli spurt hver hefði hringt og kvaðst ákærði hafa svarað því. Ákærði sagði að brotþoli hefði hatast við móður hans í rúm 30 ár og verið með skæting eftir símtalið og svívirðingar þannig að ákærði hefði ákveðið að fara út og fara í verslun, en komið aftur og sest við eldhúsborð til að skipta um rafhlöðu í fjarstýringu. Þá hefði brotþoli komið fram úr svefnherbergi þeirra og haldið áfram svívirðingum þar sem frá var horfið. Ákærði hefði ákveðið að fara aftur út og þá keyrt upp að Hvaleyrarvatni þar sem hann kvaðst hafa átt sér athvarf þegar hann hefði þurft að flýja út af heimili sínu, en farið fljótlega aftur heim til að fara á klósett. Þá hefði brotþoli verið inni í svefnherberginu. Lýsti ákærði því að hann hefði farið inn í gestaherbergi, lokað að sér og læst til að fá frið til að leggja sig. Nokkru síðar hefði verið barið hressilega á dyrnar og spurt hvern djöfullinn hann væri að gera þarna inni og hvað væri að. Ákærði kvaðst þá hafa staðið á fætur og opnað dyrnar og séð um leið að svefnherbergisdyrnar við hliðina á hafi lokast. Þá hefði ákærði bankað á dyrnar og spurt hvað brotþola gengi til og hvort ekki væri hægt að fá að vera í friði. Orðaskipti hefðu orðið á milli þeirra og í

einhverjum asnagangi hefði hann sagt að hann ætlaði að ná í eitthvað til að opna hurðina. Kvaðst ákærði hafa náð í tvo lykla sem hann hefði hringlað saman fyrir framan hurðina. Þá hefði brotþoli sagt að hún hefði hringt á lögregluna. Kvaðst ákærði þá hafa yfirgefið heimilið í stað þess að vera á staðnum og hlusta á einhverja dramatík. Brotþoli hefði kallað í gegnum hurðina að hún hefði hringt í dóttur þeirra, sem hefði talið ástæðu til að kalla lögreglu á staðinn. Neitaði ákærði því aðspurður að mikil læti hefðu verið á staðnum, mestu lætin hefðu verið þegar brotþoli hefði barið á hurðina á gestaherberginu.

Ákærða og brotþola ber ekki saman um samskipti þeirra að morgni 3. júní 2017. Þó er upplýst að til harðra orðaskipta kom á milli þeirra. Þá liggur fyrir að báðir aðilar læstu að sér til að fá frið hvort fyrir öðru, ákærði í gestaherbergi hússins, þar sem hann hugðist leggja sig, og brotþoli í svefnherbergi þeirra, en ekki inni á baðherbergi eins og greinir í ákæru. Þá liggur fyrir að brotþoli hringdi úr svefnherberginu í dóttur þeirra sem kallaði lögreglu á staðinn.

Meðal málsgagna eru SMS samskipti ákærða og brotþola sem áttu sér stað fyrrnefndan dag á tímabilinu frá klukkan 12:36:54 og til klukkan 14:16:44, eða nokkru eftir að móðir ákærða hringdi á heimilið til kveðja, sem virðist, ef marka má framburð ákærða hafa orðið til þess að brotþoli hóf að svívirða ákærða sem leiddi til þess að hann yfirgaf heimilið. Samskiptunum lýkur klukkan 14:16:44 þegar brotþoli segir: „Þá er samskiptum mínum við dóttur mína lokið.“ Eins og fram er komið hrindi dóttir brotþola og ákærða eftir aðstoð lögreglu á heimilið klukkan 14:10 þann 3. júní 2017. Hvorki verður ráðið af SMS samskiptum aðila á greindu tímabili, né framburði ákærða og brotþola að ákærði hafi sýnt af sér ógnandi hegðun í umrætt sinn. Sú háttsemi ákærða að banka á læsta hurð að svefnherbergi hans og brotþola og segja brotþola að hann ætli að „ná í eitthvað til að opna hurðina“ getur vart í ljósi aðstæðna og þess á undan var gengið talist ógnandi hegðun, móðgun eða smán í garð brotþola. Telst það því ósannað í málinu. Samkvæmt því skal ákærði vera sýkn af þeirri háttsemi sem lýst er í fimmta tölulið ákæru.

Samkvæmt öllu því sem að framan er rakið verður niðurstaða dómsins sú að ákæruvaldinu hafi ekki tekist að færa sönnur á að ákærði hafi á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð brotþola með ofbeldi, hótunum eða nauðung, eins og lýst er í ákæru. Verður því ekki hjá því komist að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Eftir þessum úrslitum málsins og með vísan til 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála greiðist allur sakarkostnaður úr ríkissjóði, þar með talin þóknun

skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar lögmanns, sem þykir að virtu umfangi málsins hæfilega ákveðin svo sem í dómsorði greinir. Við ákvörðun þóknunar hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kveður upp Jón Höskuldsson héraðsdómari.

**D ó m s o r ð:**

Ákærði, X, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar lögmanns, 1.147.000 krónur.

Jón Höskuldsson